

ÍSSEM: efnainnihald 1250 fæðutegunda



Hjá Matis er unnið að fjölbreyttum verk-efnum fyrir matvælaíðnað, almenning og opinbera aðila, þar sem mikil áhersla er lögð á heilnæmi og öryggi matvæla. Hjá fyrirtækinu er m.a. unnið að þróun og umsjón gagnagrunna og upplýsingaveitna á íslensku og ensku um íslensk matvæli.

Íslenski gagnagrunnurinn um efnainnihald matvæla (ÍSSEM) er gagnagrunnur sem geymir upplýsingar um efnainnihald matvæla á íslenskum markaði. Matis ohf. sér um rekstur gagnagrunnsins, uppfærir hann og miðlar til notenda. Grunnurinn veitir almenningi jafnt sem atvinnulífi upplýsingar um samsetningu matvæla og er nauðsynlegt tæki fyrir matvælaíðnað og matvælaeftirlit, við næringarrannsóknir, kennslu, áætlanagerð stóreldhúsa og ráðgjöf um heilsusamlegt mataræði.

Upplýsingaveita um efnainnihald matvæla

ÍSSEM grunnurinn er hluti af upplýsingaveitu Matis um efnainnihald matvæla. Á slóðinni www.matis.is/ISSEM/is er hægt að skoða upplýsingar frá Matis um efnainnihald matvæla. Upplýsingarnar má einnig nálgast á vefsíðu Matis undir *Fræðsluvefir* og síðan *Næringargildi matvæla*. Hægt er að leita í ÍSSEM gagnagrunninum eftir fæðutegundum, skoða skýringar, tengla í erlenda gagnagrunna og einfaldar yfirlitstöflur um efnainnihald matvæla (næringarefnatöflur). Nefna má myndræna framsetningu á aðskotaefnum í sjávarfangi úr sérstökum gagnagrunni Matis fyrir þessi efni. Síðast en ekki síst má nefna vefforritið *Hvað er í matnum* en það er hægt að nota til að skoða efnainnihald matvæla og reikna næringargildi uppskrifta.

Hvaða upplýsingar eru í ÍSSEM grunninum?

Í ÍSSEM eru upplýsingar fyrir 1250 fæðutegundir. Skráðar eru upplýsingar um öll mikilvægustu næringarefni þegar upplýsingarnar eru fáanlegar. Upplýsingar eru um orkugildi (kílókaloríur og kílójúl), fitu, prótein, kolvetni, trefjar og alkóhól.

Einnig eru upplýsingar um tíu vítamín, fimm steinefni, níu snefilsteinefni og fjölmargar fitusýrur. Gefið er upp magn viðbættis sykurs, mettaðra fitusýra, transfitusýra og fleiri efna og efnaflokka. Upplýsingar um 900 fæðutegundir eru birtar á vefsíðu Matis og þegar útbúnar eru töflur yfir efnainnihald matvæla þarf að velja út fæðutegundum og efnum.

Framsetning gagna í ÍSSEM er með sama hætti og í helstu matvælagagnagrunnum í Evrópu. Upplýsingar um gögnin eru skráð samkvæmt kerfi sem þróað var í evrópska öndvegisverkefninu EuroFIR. Heimildir eru alltaf skráðar til að tryggja rekjanleika. Fæðutegundir eru skilgreindar samkvæmt alþjóðlegu kerfi sem kallast LanguAL.

ÍSSEM er hluti upplýsingaveitu Matis um efnainnihald matvæla. Gefnar eru upplýsingar um næringarefni í öllum helstu fæðutegundum á íslenskum markaði.

